



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

SKÓGRÆKT Á SVÖLUNUM



INNGANGUR

Þorra fólks finnst útivist í skógi unaðsupplifun. Þar er kyrrð, sérkennilega hlýr svalt, heilnæmur skógarilmur í lofti, skráf á stígum, mosablendin gróðurþekja í skógarbotninum og frá greinum trjáanna berst jafnvel fuglasöngur. Sums staðar vill svo vel til að um skóginn streymir hóglátur lækur með kliðmjúkum nið. Á stöku stað steinn eða bolur sem hægt er að tylla sér á til að njóta hugljómunarinnar. Eða jafnvel bara til að reima skóinn sinn.

Marga fýsir að flytja dýrðina heim með sér til að njóta hennar alla daga. Það er ekki mikið mál fyrir fólk sem er svo heppið að hafa garð til umráða. Í hann má planta trjám og öðrum gróðri sem falla saman í skógarheild.

En þar sem bara eru svalir til umráða, mismunandi stórar og staðsettar, vandast málið. En með hugkvæmni og dálitlum þælingum ætti það alveg að vera viðráðanlegt. Og sjaldan er verra að vera nokkuð lipur við að beita smíðatólum ef svo ber undir. Hér koma nokkrir punktar sem gætu gagnast við að koma upp svalaskógi.



ÍLÁT

Á litlum svölum er ekki rými til að fylla gólfið með pottum og kerjum. Betra er að nýta veggplássid og hafa skóginn á hillum í borðhæð. Að sjálfsögðu er hægt að raða plöntum í pottum á hillurnar. En það fer samt betur að planta skóginum í ker eða bakka sem auðvelt er að gera svolítið landslag í. Kerin þurfa að vera

um 12-15 cm há. Gjarna um 25-30 cm breið til að hægt sé að fá dýpt í landslagið. Lengdina verður að sníða að aðstæðum. Venjuleg svalakassabreidd virkar ekki vel. Víða er hægt að fá plastbakka með svipuðum málum. En ekki er síðra að gera bakka úr lerkiborðum. Þeir þurfa að vera þéttir, en með götum neðst á hliðunum fyrir tappa sem hægt er að slá í og úr eftir þörfum. Fest upp með vinkiljárnnum, hilluberum eða látið standa á borði.





JARÐVEGUR OG LANDSLAG


Fyllið bakkann með blöndu úr helmingi af hvoru finum vikri og pottamold úr poka. Ef möguleiki er á, þá er ekki verra að setja ögn af skógarmold saman við moldarblönduna, tekna við rætur þeirra tegunda sem ætlað er að mynda þarna skóginn. Til að gera svolítið landslag má forma það til með því að nota steina eða annað meðfærilegt efni til að styðja við upphækkanir í moldinni. Reyna að hafa svipmótið eins náttúrulegt

og hægt er í þessum skala. Í svona grunnu íláti er ekki nauðsynlegt að hafa neitt drenlag í botninum. Bara götin með töppunum ef hætta er á að vatn geti safnast fyrir um of.

PLÖNTUVAL

Í svona samplöntunum skipta stærðarhlutföll öllu máli til að árangurinn sé trúverðugur. Hægt er að nota alla barrviði. En þá þarf að byrja með bakkaplöntum. Við gróðursetningu má taka 1/3 neðan af rótartappanum með góðum klippum eða beittum hníf. Það örvar röturvöxtinn. Fyrsta árið er best að láta bakkaplönturnar vaxa eins og þeim sýnist. En á næstu árum er þeim haldið í skefjum með því að taka helming til 2/3 framan af hliðarvextinum og um 1/3 af toppsprotanum þegar vexti lýkur en rétt áður en barrið er fullþroskað. Þá þetta trén sig og halda hlutföllunum. Lerki svarar svona stýfingu betur en greni og furur.

Af lauftrjám er ekki um eins auðugan garð að gresja. Flest hafa þau það stór lauf að þau bera hlutföllin ofurlíði. Birki getur gengið og þolir nokkra sumartuktun. Sömuleiðis smáblaða víðitegundir. Reyniviðirnir eru of blaðstórir til að fara vel við þessar aðstæður. Sýprisviðir og tújur sem seldar eru sem smáplöntur í garðabúðunum haust og vor eru ekki nægilega harðgerir til þessara nota. Bilið á milli trjáplantna er haft 10 til 20 cm, farið nokkuð eftir auganu.




BOTNGRÓÐUR

Í skógi þarf að vera botngróður. Safna má fíngerðum grænum mosa af steinum hér og hvar til að leggja ofan á moldina í þunnu lagi. Íslenskar blómjurtir sem henta eru t.d. blóðberg og vetrarblóm. Báðum er auðvelt að fjölga með græðlingum og gróðursetja í yfirborðið. Sortulyng og sauðamergur koma líka til greina, sé hægt að fá af þeim smáplöntur með rót. Aðrar íslenskar plöntur sem nota má til að auka fjölbreytnina eru t.d. lyfjagras, mýrasóley og flagahnoðri. Þær þurfa samt allar deigju til að þrífast vel. Stórgerðari plöntur geta spillt myndinni.

FRÁGANGUR OG FRAMTÍÐIN

Þegar allt er komið á sinn stað þarf næsta lítið að gera annað en að fylgjast með. Vökva eftir þörfum eða, ef rignir mikið ofan í skógarbakkann, þá að tappa vatninu af. Gefa þarf áburð í upphafi vaxtartímans og svo aftur um hann miðjan. Notið ekki sterkan áburð; orkídeublanda eða kaktusblanda eins og fást í blómabúðum henta best. Svo þarf auðvitað að hreinsa burt allar óboðnar plöntur og beita klippunum eftir þörfum. Með þessari umhirðu ætti svalaskógurinn að endast í nokkur ár. Og hann á auðvitað að standa utandyra árið um kring meðan hann varir.



Höfundur: Hafsteinn Hafliðason. Teikningar: Helgi Þórssón. Uppsetning: Ragnhildur Freysteinsdóttir. Prentsmiðjan Oddi. Útgefandi: Skógærktarfélag Íslands - www.skog.is